

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 124/2010**

**frá 10. nóvember 2010**

**um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2010 frá 2. júlí 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1205/2008 frá 3. desember 2008 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar lýsigögn <sup>(2)</sup>, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 328, 15.12.2009, bls. 83.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/442/EB frá 5. júní 2009 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar vöktun og skýrslugjöf <sup>(3)</sup>, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 322, 9.12.2009, bls. 40.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*I. gr.*

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 1j (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB) í XX. viðauka við samninginn:

- „1ja. **32008 R 1205**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1205/2008 frá 3. desember 2008 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar lýsigögn (Stjtið. ESB L 326, 4.12.2008, bls. 12), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 328, 15.12.2009, bls. 83.
- 1jb. **32009 D 0442**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/442/EB frá 5. júní 2009 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar vöktun og skýrslugjöf (Stjtið. ESB L 148, 11.6.2009, bls. 18), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 322, 9.12.2009, bls. 40.“

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 277, 21.10.2010, bls. 47, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 59, 21.10.2010, bls. 17.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 326, 4.12.2008, bls. 12.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 148, 11.6.2009, bls. 18.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1205/2008, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 328, 15.12.2009, bls. 83, og ákvörðunar 2009/442/EB, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 322, 9.12.2009, bls. 40, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. nóvember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2010 frá 30. apríl 2010 <sup>(4)</sup>, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. nóvember 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Stefán Haukur Jóhannesson***

formaður.

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(<sup>4</sup>) Stjtið. ESB L 181, 15.7.2010, bls. 23, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 37, 15.7.2010, bls. 31.